Óháð fréttablað á Vestfjörðum

BÆJARINS BESTA

Stofnað 14. nóvember 1984 · Sími 456 4560 · Veffang: www.bb.is · Verð kr. 400 m/vsk

Fimmtudagur
15. júlí 2010
28. tbl. · 27. árg.

Með meistaragráðu í útsjónarsemi

Ísfirðingurinn Áróra Gústafsdóttir er nýkjörinn formaður Ísfirðingafélagsins í Reykjavík, viðskiptafræðingur og fjármálastjóri Vélasölunnar, fjögurra barna móðir á leið í listfræðinám. Í opnuviðtali ræðir Áróra um hlutverk Ísfirðingafélagsins, uppvöxtinn fyrir vestan, lífsbaráttu einstæðrar þriggja barna móður, áhugann á útivist og hvað það er sem raunverulega skiptir máli þegar allt kemur til alls.

Minni niðurskurður í löggæslumálum en ráðgert var

Útgjöld ríkissjóðs vegna löggæslumála á Vestfjörðum voru 226.815.170 krónur á síðasta ári. Er það örlítið hærri fjárhæð en árið áður en þá nam fjárhæðin 223.768.897 krónum. Á fréttavefnum Vísi er haft eftir Rögnu Árnadóttur dómsmálaráðherra að niðurskurður á fjárframlögum til löggæslu á næsta ári verði minni en gert hafi verið ráð fyrir. Hún segir að gert sé ráð fyrir því að niðurskurðurinn verði í kringum 5% í stað 8% á þessu ári.

Í ársskýrslu Ríkislögreglustjóra kemur fram að þrátt fyrir að brotum í vissum brotaflokkum, til dæmis þjófnuðum og auðgunarbrotum, hafi fjölgað á undanförnum árum, hafi framlög til löggæslumála minnkað. „Í raunninni er það bara þannig að þegar að fjárveitingar minnka að þá minnkar þjónustan að sama skapi. Það er ekki hægt að halda úti sama þjónustustigi fyrir minni peninga," segir Ragna.

Hún segir mest áberandi hvað akstur hafi minnkað. „Og minni akstur lögreglu þýðir einfaldlega minni löggæsla í víðfeðmum umdæmum, þar sem mikils aksturs er þörf," segir Ragna í samtali við visir.is. Eins og fram hefur komið dróst akstur lögreglumanna hjá lögreglunni á Ísafirði saman um 22% milli áranna 2009 og 2008.

Í ársskýrslunni kemur fram að á árinu 2009 námu heildarútgjöld til löggæslu ríflega 7,8 milljörðum króna, samanborið við rúmlega 7,2 milljarða árið 2007. Þar kemur einnig fram að heildaryfirvinnulaun drógust saman um 90 milljónir kr. árið 2009 samanborið við fyrra ár. Heildaryfirvinnulaun hækkuðu jafnt og þétt á árunum 2004-2007 en hafa síðan dregist saman og má segja að heildaryfirvinnulaun lögreglumanna árið 2009 hafi verið svipuð í krónum talið og árið 2005.

– thelma@bb.is

Hótel Ísafjörður. Á Vesturlandi og Vestfjörðum voru 3.500 gistinætur í maí sem er 5% minna en í maí 2009.

Gistinóttum fækkar á Vestfjörðum

Gistinóttum fækkaði mest milli ára á samanlögðu svæði Vesturlands og Vestfjarða fyrstu fimm mánuði ársins eða um 12%. Gistinætur fyrstu fimm mánuði ársins yfir landið í heild voru 416.600 en 421.600 á sama tímabili 2009. Gistinóttum fjölgaði á Suðurlandi um 5%, á Norðurlandi um 4% og um 3% á Austurlandi samanborið við sama tímabil 2009. Á öðrum landsvæðum fækkaði þeim. Á tímabilinu fækkaði gistinóttum Íslendinga um 5% en gistinætur útlendinga eru svipaðar miðað við sama tímabil 2009. Gistinætur á hótelum í maí síðastliðnum voru 105.100 en 117.000 í sama mánuði árið 2009. Á Vesturlandi og Vestfjörðum voru 3.500 gistinætur í maí sem er 5% minna en í maí 2009.

Fækkun gistinátta nær til allra landsvæða nema Austurlands og Suðurlands en þar fjölgaði gistinóttum milli ára. Á Norðurlandi fækkaði gistinóttum um 17%, voru 8.200 samanborið við 9.800 í maí 2009. Á höfuðborgarsvæðinu fækkaði gistinóttum úr 81.200 í 70.100 eða tæp 14% miðað við maí 2009. Á Suðurnesjum voru 4.100 gistinætur í maí sem er litlu minna en árið áður. Gistinætur á Austurlandi voru 4.900 í maí og fjölgaði um 14% samanborið við maí 2009. Gistinóttum fjölgaði einnig á Suðurlandi, voru 14.300 sem er tæplega 3% aukning miðað við sama tíma í fyrra.

Fækkun gistinátta á hótelum í maí nær bæði til Íslendinga og erlendra gesta, en gistinóttum Íslendinga á hótelum fækkaði um 21% samanborið við maí 2009 en gistinóttum erlendra gesta fækkaði um 8%. Þetta kemur fram í tölum Hagstofunnar en tekið skal fram að í samantektinni er eingöngu átt við gistinætur á hótelum, þ.e. hótelum sem opin eru allt árið. Til þessa flokks gististaða teljast hvorki gistiheimili né hótel sem eingöngu eru opin yfir sumartímann. Þess má einnig geta að gistinóttum fjölgaði um 20% á Vestfjörðum í fyrra.

– thelma@bb.is

Helgi leikur í mynd Harlin

Ísfirski söngvarinn og leikarinn Helgi Björnsson er nú að undirbúa sig fyrir tökur á nýrri kvikmynd sem fara fram í Ungverjalandi í haust. Um er að ræða finnska mynd um þjóðhetjuna Mannerheim og ber hún einfaldlega heitið Mannerheim. Leikstjóri myndarinnar er Renny Harlin sem er þekktur fyrir myndir áborð við The Long Kiss Goodnight, Cliffhanger og Die Hard 2.

Meðal meðleikara Helga í myndinni er Stellan Skarsgård sem leikið hefur í myndum á borð við Angels & Demons, Mamma Mia!, Pirates of the Caribbean, Good Will Hunting og Dancer in the Dark þar sem hann lék með Björk Guðmundsdóttur.

Á döfinni hjá Helga eru upptökur í Austurríki á næsta ári þar sem hann fer með hlutverk í mynd sem heitir Cross Your Heart.

Samið um flutning málefna fatlaðra

Tekist hefur samkomulag milli ríkis og sveitarfélaga um fjárhagslegar forsendur fyrir flutningi málefna fatlaðra til sveitarfélaganna frá 1. janúar 2011. Þetta er viðamesta endurskipulagning á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga frá flutningi grunnskólanna árið 1996. Tekjustofnar sem nema 10,7 milljörðum króna flytjast til sveitarfélaganna á næsta ári samhliða yfirfærslu málaflokksins. Flutningur málefna fatlaðra til sveitarfélaga varðar um 2.500 einstaklinga sem þurfa þjónustu vegna fötlunar sinnar og um 1.500 starfsmenn í rúmlega 1.000 stöðugildum sem annast þjónustuna. „Eftir yfirfærsluna ber eitt stjórnsýslustig ábyrgð á stærstum hluta almennrar félagsþjónustu. Þjónustan færist nær notandanum, möguleikar á samhæfingu þjónustusviða og aðlögun þjónustunnar að persónulegum aðstæðum notandans aukast til mikilla muna," segir í tilkynningu.

Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra, Árni Páll Árnason, félags- og tryggingamálaráðherra, og Kristján L. Möller, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, undirrituðu samkomulagið fyrir hönd ríkisins en Halldór Halldórsson, formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga, og Karl Björnsson, framkvæmdastjóri sambandsins fyrir hönd sveitarfélaganna.

Árið 2011 verða tekjur sveitarfélaga til að fjármagna þjónustu við fatlaða 10,7 milljarðar króna. Útsvarshlutfall sveitarfélaga verður hækkað um 1,2% gegn samsvarandi lækkun á tekjuskattshlutfalli ríkisins. Framlög verða á fjárlögum næstu þrjú árin til að vega upp á móti veikri stöðu útsvarsstofnsins. Auk þess verða framlög á fjárlögum vegna samstarfsverkefnis um nýja þjónustu, notendastýrða persónulega aðstoð og vegna biðlista eftir þjónustu.

– kristjan@bb.is

P&Ó Birt með fyrirvara um prentvillur.

Samkaup úrval góðir grannar

...sjá fleiri tilboð og uppskriftir á **samkaupurval.is**

Sparnaðartilboð helgarinnar **15. - 18. júlí**

Góð kaup!

199 kr./pk. Batchelors súpur
tómata-, sveppa- og kjúklingasúpur

35% afsláttur

~~764~~

499 kr./kg Medisterpylsa
reykt, frá **Goða**

30% afsláttur

~~219~~

153 kr./stk. Nautaborgarar 120 g
úr kjötborði eða pakkaðir ferskir

30% afsláttur



~~1.698~~

1.189 kr./kg Svínakótilettur
úr kjötborði eða pakkaðar ferskar

Chicago Town
"Edge to Edge" pizzur

"New York Deli" 345 g, **539** kr./pk.
"California Cheese" 305 g, **539** kr./pk.
"Manhattan Chicken" 320 g, **539** kr./pk.

30% afsláttur

~~398~~

279 kr./kg Svínaskankar
úr kjötborði eða pakkaðir ferskir

30% afsláttur

~~2.842~~

1.989 kr./kg Lambalærissneiðar
frá **Kjötseli**

30% afsláttur

~~1.698~~

1.189 kr./kg Svínahnakki
úr kjötborði eða pakkaður ferskur

30% afsláttur

~~2.842~~

1.989 kr./kg Lambakótilettur
frá **Kjötseli**

32% afsláttur

~~2.941~~

1.999 kr./kg Kjúklingabringur
frá **Ísfugli**

P&Ó Birt með fyrirvara um prentvillur.

...einstök þjónusta **í góðum verslunum**

Ákveðnum botni náð í fólksfækkun

Niðurstöður skýrslu um mat á samfélagsáhrifum heilsársvegar yfir Dynjandisheiði benda til að farið sé draga úr fólksfækkun á hluta Vestfjarða eða jafnvel að íbúum fjölgi á næstu árum. „Hitt er svo annað mál hvort og þá að hve miklu leyti heilsársvegur yfir Dynjandisheiði hefur á breytingar á fólksfjölda á þessu svæði. Almennt má segja að búsetuskilyrði batni með bættum samgöngum og augljóslega verður þessi landshluti fýsilegri til búsetu þegar veggöng verða komin undir Hrafnseyrarheiði og nýr vegur yfir Dynjandisheiði. Einkum mun það skipta máli fyrir samskiptin milli norðan- og sunnanverðra Vestfjarða, en einnig vegna viðskipta og samskipta við aðra landshluta, t.d. höfuðborgarsvæðið. Þá munu opnast alveg nýjar víddir í ferðaþjónustu með nefndum vegabótum," segir í skýrslunni.

Þar segir einnig að þrátt fyrir að mannfjölgun þurfi ekki endilega að vera markmið í sjálfu sér, er ljóst að á stöðum þar sem fækkar mikið, kvarnast verulega úr samfélögunum. Þannig bresta forsendur fyrir margvíslegri þjónustu og mannlífið verður fátæklegra á ýmsan hátt.

Tekin eru sem dæmi Ísafjarðarbær, Reykhólahreppur, Tálknafjarðarhreppur og Vesturbyggð. Þar voru samtals 6.305 íbúar árið 1997 en 5.424 árið 2009 og hafði á tímabilinu fækkað um 881 eða 14%. „Lítið er hægt að fullyrða um hver þróunin verði á næstu árum, en þó bendir ýmislegt til að ákveðnum botni sé náð í Reykhólahreppi og Vesturbyggð. Öll þessi sveitarfélög byggja mikið á útflutningi afurða og gengisskráning krónunnar er slíkri starfsemi mun hagstæðari núna en verið hefur um langt skeið. Einnig er aðdráttarafl höfuðborgarsvæðisins væntanlega minna en á síðastliðnum árum þar sem margar skýjaborgir fjármálaheimsins hafa hrunið til grunna. Þá er húsnæðisverð í þessum sveitarfélögum afar hagstætt," segir í skýrslunni.

Í Vesturbyggð bjuggu 1.248 manns þann 1. desember árið 1997 en síðan hefur fækkað í 935 þann 1. janúar 2010, þ.e. um 25% sem er gríðarleg fækkun á þetta skömmum tíma. Í Ísafjarðarbæ hefur fækkað um nálægt 500 manns á árabilinu eða um 11% og hlutfallsleg fækkun er af svipaðri stærðargráðu í Tálknafjarðarhreppi (9%) og Reykhólahreppi (13%). Samtals voru 6.305 íbúar í þessum sveitarfélögum árið 1997 en 5.424 árið 2009 og hafði á tímabilinu fækkað um 881, eða 14%. Fækkunin í Ísafjarðarbæ hefur verið nokkuð jöfn allt tímabilið og hið sama má segja um Vesturbyggð til ársins 2008 og Reykhólahrepp til ársins 2006. Í síðastnefnda sveitarfélaginu hefur fjölgað um 41 íbúa síðan 2006 og þeir eru aftur orðnir jafn margir og þeir voru árið 2002, 292 talsins. Breytingarnar hafa verið sveiflukenndari á Tálknafirði, en þó umtalsverð fækkun á tímabilinu, úr 327 í 297. Í Vesturbyggð varð viðsnúningur árið 2009, en þá voru íbúar 938 í stað 901 árið áður.

„Sú þróun sem að framan er lýst hefur haft áhrif á samsetningu mannfjöldans. Þar sem fólksfækkun með brottflutningi íbúa hefur verið viðloðandi um langan tíma er hlutfallslega færra fólk á aldrinum 25-40 ára. Þetta er vegna þess að tíðni búferlaflutninga er mest meðal þessa aldurshóps og því eru börn einnig hlutfallslega færri á brottflutningsstaðnum. Þessi staða er uppi hjá sveitarfélögunum á sunnanverðum Vestfjörðum. Annað einkenni brottflutningssvæða er gjarnan að konur eru færri en karlar. Rannsóknir hafa sýnt að kjarnasvæði hafa meira aðdráttarafl fyrir konur einkum vegna fjölbreyttara atvinnulífs og þjónustu," segir í skýrslunni sem unnin var af Rannsókna- og þróunarmiðstöð Háskólans á Akureyri fyrir Vegagerðina.

Býst við að aðalbækistöðvarnar verði á Ísafirði

„Ég geri ráð fyrir að vera með mínar aðalbækistöðvar á Ísafirði þegar frá líður," segir Úlfar Lúðvíksson, sýslumaður á Patreksfirði, sem falið hefur verið til að gegna embætti sýslumanns á Ísafirði jafnframt embættinu á Patreksfirði. Hann segir starfið leggjast vel í sig.

Úlfar er settur sýslumaður á Ísafirði tímabundið til eins árs. „Ég er sýslumaður og lögreglustjóri þennan tíma með öllu því sem því fylgir." Segir hann alveg óráðið hvað verði eftir þann tíma. Úlfar var skipaður sýslumaður á Patreksfirði árið 2008 en starfaði áður sem skrifstofustjóri og staðgengill sýslumannsins í Reykjavík.

Tilkynnt var að hann yrði settur í embættið á Ísafirði eftir að Ragna Árnadóttir dómsmála- og mannréttindaráðherra ákvað að gera breytingar á skipan sýslumannsembætta, sem fela m.a. í sér að ráðherra er heimilað að fela starfandi sýslumanni að gegna jafnframt öðru embætti sem losnar.

Kristín Völundardóttir, sem gegndi starfi sýslumanns á Ísafirði og lögreglustjóra Vestfjarða frá árinu 2007, var í mars skipuð í embætti forstjóra Útlendingastofnunar.

Úlfar Lúðvíksson sýslumaður og lögreglustjóri.

Dýrafjarðargöng og heilsársvegur um Dynjandisheiði mikilvæg fyrir ferðaþjónustuna

„Það er alveg ljóst að Dýrafjarðargöng og heilsársvegur um Dynjandisheiði skipta afar miklu máli fyrir ferðaþjónustu á Vestfjörðum," segir í skýrslu sem samfélagsáhrifum heilsársvegar yfir Dynjandisheiði. Þar segir að almennt séð eru samgöngur afar mikilvægar fyrir ferðaþjónustu. „Augljóst er hve Hrafnseyrarheiði og Dynjandisheiði eru miklir farartálmar. Ekki aðeins vegna ófærðar yfir vetrartímann heldur einnig á sumrin, vegna þess hve vegirnir eru oft í lélegu ásigkomulagi. Bent er á að sennilegt er að skemmtiferðaskipum eigi eftir að fjölga. Látrabjarg er einn af mörgum áhugaverðum viðkomustöðum á sunnanverðum Vestfjörðum og góðar vegasamgöngur til norðursvæðisins gætu leitt til samspils í fjölgun viðkomustaða skipanna og akstURS, t.d. með viðkomu á Patreksfirði og Ísafirði. Einnig má færa rök fyrir því að höfnin á Brjánslæk fengi aukið hlutverk með fleiri farþegum með flóabátnum Baldri og að möguleikar opnuðust fyrir ferðaþjónustu utan háannar, t.d. vegna skíðasvæðisins á Ísafirði," segir í skýrslunni.

Dýrafjarðargöng myndu skipta miklu máli fyrir ferðaþjónustuna.

Eftir mikla fjölgun ferðamanna síðasta ár stendur ferðaþjónustan á Vestfjörðum nú á tímamótum. „Því er nauðsynlegt fyrir ferðaþjónustuna að staldra við, meta árangur síðustu ára og setja sér traust markmið fyrir framtíðina. Hafa Ferðamálasamtök Vestfjarða (FMSV) því ákveðið að ráðast í gerð heildstæðrar stefnumótunar fyrir greinina til næstu fimm ára, með það að markmiði að treysta innviði greinarinnar og hlúa þannig að ferðaþjónustu á Vestfjörðum. Með öflugri ferðaþjónustu með skýra framtíðarsýn eflum við efnahag og samfélagið á Vestfjörðum til framtíðar. Ferðaþjónustu á Íslandi og Vestfjörðum hefur vaxið fiskur um hrygg á undanförnum árum og er mikilvægi hennar að aukast hratt í vestfirsku samfélagi. Ætla má að vægi ferðaþjónustunnar í umfangi atvinnulífsins á Vestfjörðum sé í kringum 7,5% og má áætla að vöxturinn bara sl. ár sé hátt í 30%," segir í skýrslunni.

Oft hefur verið fjallað um þessi mál meðal aðila í ferðaþjónustu og á aðalfundi Ferðamálasamtaka Vestfjarða, þann 17. apríl 2010 var t.d. eftirfarandi ályktun lögð fram og samþykkt samhljóða: „Aðalfundur Ferðamálasamtaka Vestfjarða skorar á stjórnvöld að skera ekki niður framlög til samgöngumála í fjórðungnum. Bættar samgöngur eru forsenda uppbyggingar í ferðaþjónustu á Vestfjörðum."

– thelma@bb.is

14. - 17. JÚLÍ 2010

OHMYGHMY!

BIGGIBIX

ÚTGÁFUTÓNLEIKAR UM VESTFIRÐI

VIÐ FÖGNUM ÚTGÁFU PLÖTUNNAR MINNAR
„SET ME ON FIRE“ SEM KOM ÚT 26. MARS 2010
MEÐ TÓNLEIKAFERÐ UM VESTFIRÐI

A.T.H. TÓNLEIKARNIR Á ÍSAFIRÐI VERÐA KL. 17:00
LAUGARDAGINN 17. JÚLÍ Í ALÞÝÐUHÚSINU!

FORSALA Á TÓNLEIKANA Í ALÞÝÐUHÚSINU ER HAFIN Í HAMRABORG Á ÍSAFIRÐI

FORSALA: 1.000 KR. - VIÐ HURÐ: 1.500 KR.

STYRKT AF
MENNINGARRÁÐI VESTFJARÐA

www.bb.is

www.biggibix.com

Dreymir um að hanna meira fyrir Lady GaGa

Vestfirsk-ættaði fatahönnuðurinn Vera Þórðardóttir, segir draumaverkefni sitt vera að hanna fyrir eitt af myndböndum söngkonunnar heimsþekktu Lady Gaga. Vera komst í fréttirnar fyrir stuttu þegar Lady GaGa klæddist jakka úr hennar smiðju á tónleikum með Elton John. „Ég vissi í rauninni ekkert af þessu fyrr en eftir White Tie and Tiara ballið hans Elton John. Þetta var allt gert með svo mikilli leynd í gegnum skólann minn ég vissi ekkert hvað var í gangi. Eftirá var þetta var alveg frábær tilfinning og alveg rosalega gaman að fá svona viðurkenningu fyrir það sem maður er að gera. Lady GaGa var í huga mér þegar ég hannaði collectionið og það var algjör draumur að fá að sjá hana vera í því fyrir alvöru," í samtali við blaðamann Pressunnar.

Vera útskrifaðist nýlega úr hönnunarskólanum Istituto Marangoni og á lokasýningunni sýndi hún frumlega línu. Línan þótti svo flott að útsendarar söngkonunnar Lady GaGa komust í málið og vildu ólmir fá jakka og pils úr línunni. Hún klæddist jakkanum á fyrrnefndum tónleikum en var í hvítu síðu pilsi úr smiðju Veru þegar hún ferðaðist á milli landa um svipað leiti. Aðspurð að því hvernig tilfinning þetta hafi verið segir hún að gleðin hafi verið mikil eftir á.

Vera Þórðardóttir ásamt kærasta sínum Phil Harrison.

Vera býr í Lundúnum en hún hefur verið á svolitlu flakki eftir að hún kláraði Verslunarskóla Íslands. „Ég flutti upphaflega í alpana og var að vinna þar yfir skíðatímabilið í litlu þorpi sem heitir Meribel. Eftir það fluttum ég og unnusti minn, Phil, til Englands og ég sótti um hjá Istituto Marangoni. Þegar ég fékk inngöngu bjuggum við í litlu strandþorpi á Englandi sem heitir Newquay þar sem við eyddum sumrinu áður en við komum til London," segir Vera. Aðspurð segist hún ætla að vera áfram í Lundúnum. „Ég hef myndað rosalega góð sambönd hérna og það eru tækifæri sem ég hef ekki nýtt mér ennþá. London er mjög góð borg til að vera í fyrir unga hönnuði eins og mig og það er stutt vel við okkur hér."

Eins og fram hefur komið er faðir Veru Ísfirðingur en vinnanari eftirgrennslan kom í ljós að móðir hennar er ættuð frá Núpi í Dýrafirði.

– thelma@bb.is

Rauði kross Íslands

Rauðakross-ferð eldri borgara á Vestfjörðum

Í ár verður Rauðakross-ferð eldri borgara farin **24.-28. ágúst**. Nú er stefnan tekin á Vesturlandið. Gist verður að Hótel Laugum í Sælingsdal en þar er afskaplega fallegt og gott að dvelja.

Farið verður í heimsóknir og sögufrægir og fallegir staðir skoðaðir í Dölum og út á Snæfellsnesi. Kvöldvökur, söngur, dans og gleði á kvöldin. Verð verður það sama og í fyrra eða **kr. 45.000**.- pr. mann.

Fararstýrur verða Sigríður Magnúsdóttir og Auður Ólafsdóttir. Skráning og upplýsingar í síma 896 3834 (Sigríður) og 692 3580 (Auður).

Spurningin

Hefur sumarfríið hjá þér rakstast vegna HM í knattspyrnu?

Alls svöruðu 308.
Já sögðu 21 eða 7%
Nei sögðu 287 eða 93%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.

Helgarveðrið

Horfur á föstudag: Norðaustan strekkingur og rigning um landið austanvert, en ananrs þurrt og bjartviðri SV-til. Hiti breytist lítið. **Horfur á laugardag:** Norðlæg eða breytileg átt og smá væta norðaustantil, en annars þurrt að kalla. Hiti svipaður. **Horfur á sunnudag:** Norðlæg eða breytileg átt og smá væta norðaustantil, en annars þurrt að kalla. Hiti svipaður.

Ritstjórnargrein

Mikilvæg t skref

Bæjarins besta fagnar samkomulagi ríkis og sveitarfélaga um yfirtöku þeirra síðarnefndu á málefnum fatlaðra frá og með næstu áramótum og að markvisst skuli unnið að því að sveitarfélögin taki síðar við öldrunarþjónustunni. BB hefur margsinnis lýst yfir stuðningi við yfirtöku sveitarfélaga á þessum samfélagsþáttum þar sem þeir væru fyrir margra hluta sakir betur komnir í nánara samfélagi þeirra sem þjónustuna annast og þeirra sem á henni þurfa að halda. Þótt vel hafi verið meint hefur ríkisrekna batteríið reynst þungt í vöfum og verið í senn torskilið og erfið leið þeim er ganga þurftu. Hvað hag sveitarfélaganna af þessu varðar verður ekki fram hjá því horft að verkefninu fylgja atvinnutækifæri. Í þeim efnum er allt fengur.

Vandi fylgir vegsemd hverri. Því aðeins er hér verið að stíga framfaraskref að sveitarfélögunum verði tryggt nægilegt fjármagn til að rísa undir kostnaði sem af verkefninu leiðir. Vera má að enn eimi eftir af neikvæðri afstöðu ríkisvaldsins til endurskoðunar á fjármögnun flutnings grunnskólans á sínum tíma. Þvergirðingsleg afstaða stóra bróðurs, í því máli, sem á mestu veltiárum ríkisins kvað sveitarfélögunum hollara að líta í eigin barm, herða sultarólina og sýna ráðdeild í stað þess að kveina stöðugt um fjárframlög frá ríkinu. Úr þessu verður trauðla bætt úr því sem komið er og því ber að horfa framávið.

Sem betur fer hafa augu manna opnast fyrir því að „þegnar sveitarfélaganna" eru þeir sömu og „þegnar þjóðfélagsins." Þar verður ekki á milli greint. Ríki og bær hafa sameiginlegum skyldum að gegna. Tvennt stendur uppúr á samanburði flutnings málefna fatlaðra og grunnskólans. Ber fyrst að nefna aukna hlutdeild útsvars í skatttekjum, sem áætlað er að gefi sveitarfélögunum 10,7 milljarða tekjuauka á næsta ári og síðan, en ekki síst, endurmat á yfirfærslunni árið 2014. Þá verður skoðað hvernig til hefur tekist og hvort eða hverra úrbóta sé þörf. Það ákvæði eitt og sér er nauðsynlegur öryggisventill, sem því miður var ekki til staðar í grunnskólamálinu og reynst hefur sveitarfélögunum afar dýrkeypt, mörgum hverjum.

„Við höfum verið að koma á fjárhagsramma við erfiðar aðstæður í þjóðfélaginu en við teljum okkur vera búin að ná lendingu. - Ég tel að þetta sé yfirfærsla á jafnræðisgrundvelli með hagsmuni skjólstæðinganna í huga. - Ég met það þannig að þjónustan muni jafnt og þétt þróast og vonandi batna. Ég hef óbilandi trú á því að þetta sé mjög jákvætt skref." Tilvitnanir í ummæli Halldórs Halldórssonar, formanns Sambands íslenskra sveitarfélaga. Vonandi hefur formaðurinn lög að mæla. Tíminn leiði í ljós að betur var farið en heima setið.

Stærsta viðfangsefnið, yfirtaka sveitarfélaganna á öldrunarþjónustunni, veltur að öllu leyti á því hvernig nú tekst til. *s.h.*

Útgefandi: Gúttó ehf., kt. 680501-2620, Sólgötu 9, 400 Ísafjörður, sími 456 4560, fax 456 4564. **Ritstjóri:** Sigurjón J. Sigurðsson, sími 892 5362, *bb@bb.is.* **Blaðamenn:** Thelma Hjaltadóttir, símar 456 4693 og 849 8699, *thelma@bb.is,* Kristján Einarsson, símar 456 4560 og 848 3403, *kristjan@bb.is.* **Ritstjóri netútgáfu bb.is:** Sigurjón J. Sigurðsson. **Ljósmyndari**: Halldór Sveinbjörnsson, sími 894 6125, *halldor@bb.is*. **Ábyrgðarmenn:** Sigurjón J. Sigurðsson og Halldór Sveinbjörnsson. Lausasöluverð er kr. 400 eintakið með vsk. Veittur er afsláttur til elli- og örorkulífeyrisþega. Einnig sé greitt með greiðslukorti. **Önnur útgáfa:** Ferðablaðið Á ferð um Vestfirði. **ISSN 1670 - 021X**

46.905 farþegar fóru um Ísafjarðarflugvöll í fyrra.

Flugfarþegum fækkaði um 6,4%

Fjöldi farþega um Ísafjarðarflugvöll dróst saman um 6,4% milli áranna 2008 og 2009. Í skýrslu Flugstoða um flugtölur voru komu- og brottfararfarþegar Ísafjarðarflugvallar 46.905 talsins á síðasta ári en þeir voru 51.791 árið áður. Farþegar sem ferðuðust um Ísafjarðarflugvöll námu 5,8% allra farþega í innanlandsflugi um íslenska flugvelli. Farþegum í innanlandsflugi hefur að meðaltali fjölgað um 0,83% á ári undanfarin fimm ár og 0,85% á ári síðastliðin tíu ár.

Hins vegar minnkaði flutningur á vörum og pósti innanlands að meðaltali um 6,7% á ári síðustu fimm ár og 5,7 á ári undanfarin tíu ár. Á Ísafirði dróst flutningurinn saman um -42,2% milli ára en í fyrra voru 101 tonn af vörum flutt í gegnum Ísafjarðarflugvöll. Um Bíldudalsflugvöll voru flutt 37,8 tonn af vörum á síðasta ári sem er 25,2% minna en árið áður.

Á Ísafirði voru flugtök og lendingar 2.046 talsins á síðasta ári, 1.516 vegna áætlunarflugs en 530% vegna annars flugs. Er það 17,1% minna en á síðasta ári. Flug um Ísafjarðarflugvöll var 1,6% af innanlandsflugi síðasta árs. Þess má geta að Ísafjarðarvöllur, sem er undir brattri fjallshlíð austan megin í Skutulsfirði, var tekinn í notkun 2. október 1960 og hefur verið áætlunarflug þangað síðan. *– thelma@bb.is*

Reikna með að áætlanir standist

„Framkvæmdirnar ganga bara vel. Við áætlum að hleypa á umferð í kringum 15. september og það lítur út fyrir að það standist,“ segir Leó Jónsson verkfræðingur hjá Ósafli ehf., aðspurður um stöðu mála í Bolungarvíkurgöngum. Unnið er að því að ljúka við vatnsklæðingu inni í göngunum. Því næst verður unnið að lagnavinnu og áætlað er að byrjað verði að malbika göngin í byrjun ágúst.

„Við erum einnig að fylla inn í vegstæði svo þau verði í réttri stærð auk þess sem við erum líka að vinna fyrir utan göngin. Við erum að undirbúa malbikun að veginum að göngunum Hnífsdalsmegin en olíumöl verður á veginum að göngum Bolungarvíkurmegin. Þá verður hafist handa við að leggja bundið slitlag að göngunum seinni part þessarar viku,“ segir Leó.

Göngin verða 8,7 metra breið og 5,1 kílómetri að lengd. Kostnaður við göngin er áætlaður um 5 milljarðar króna.

– thelma@bb.is

Áróra Gústafsdóttir er nýkjörinn formaður Ísfirðingafélagsins í Reykjavík, viðskiptafræðingur og fjármálastjóri Vélasölunnar, fjögurra barna móðir á leið í listfræðinám. Bæjarins besta hitti Áróru og byrjaði á að spyrja hana hvað það fæli í sér að vera formaður Ísfirðingafélagsins.

Ísfirðingar eru alls staðar

„Það þýðir að vera í forsvari fyrir brottflutta Ísfirðinga í Reykjavík og sinna hagsmunum þeirra. Gera þeim auðveldara að komast heim í heimsóknir og styrkja tengslin sín á milli. Aðaltilgangur félagsins er í rauninni að halda Sólarkaffið, en það er búið að bæta við nokkrum samkomum, eins og kirkjukaffi og sólkveðjukaffi þar sem fólk hittist og spjallar. Fyrst og fremst snýst þetta þó um að rækta tengslin. Það er nefnilega svo fyndið að þegar maður nálgast miðjan aldur þá uppgötvar maður hvað tengslanetið að vestan er rosalega verðmætt. Það eru Ísfirðingar alls staðar. Maður er í viðskiptum og daglegum samskiptum við Ísfirðinga út um allt. Bara það að vera Ísfirðingur veitir manni ákveðinn lykil.

Svo á félagið Sóltún á Ísafirði, sem reyndar er kominn tími á að gera upp og verið að vinna í alls konar tillögum með það. Við eigum líka íbúð á Spáni og okkur dauðlangar að skipta á henni og íbúð á Ísafirði. Kaupin á henni helguðust af tíðarandanum 2006-7 og var hugsað sem góð fjárfesting , en við höfum verið að ræða þetta og sjáum ekki að það sé í verkahring félagsins að auðvelda fólki að komast til Spánar. Við viljum bara eignast fleiri íbúðir heima á Ísafirði til þess að auðvelda fólki að komast þangað. Þannig að ef einhvern sem á íbúð á Ísafirði dreymir um að flytjast til Spánar er tilvalið að hafa við samband við mig og ræða málin. Það væri bara dásamlegt ef það gengi upp.“

– Er von á einhverjum breytingum í stjórnun félagsins með nýjum formanni?

„Nei, ég á nú ekki von á því. Það er mikil samstaða í stjórninni og þægileg verkaskipting þannig að það lendir ekki allt á einni manneskju. Við höfum haft þann háttinn á að fyrsti fundur hvers vors, eftir aðalfund, fer í það að skipta með sér verkum og okkur finnst það hafa lukkast vel, þótt það geti vel verið að einhverjir séu ekki sammála því. Í stjórninni eru fulltrúar frá flestöllum aldurshópum, helst það vanti einhverja af þeim allra elstu. Jakob Falur, fráfarandi formaður, er enn í stjórn og þetta er þéttur kjarni sem stendur vel saman.“

Íþróttakennara draumurinn endaði í viðskiptafræði

Áróra er með MBA gráðu í viðskiptafræði, en æskudraumurinn var að verða íþróttakennari. Hvað breyttist?

„Ég æfði og keppti á skíðum þegar ég var yngri og langaði að verða íþróttakennari. Fór í Héraðsskólann á Laugarvatni af því þar var íþróttabraut. Þar var ég í tvö ár og svo í Ármúlaskólanum í tvö ár og fór svo eftir stúdentsprófið í Íþróttakennaraskólann eins og ég hafði ætlað mér. En ég hætti þar eftir eitt ár, fannst það bara leiðinlegt. Eftir það flutti ég til Noregs, reyndar ekki í þeim tilgangi að fara í nám, ætlaði bara að vera þar í sex vikur en ílengdist og var þar í tæp sjö ár. Kynntist þar fyrri manninum mínum og eignaðist tvö börn og kom svo heim til Íslands ólétt af því þriðja.

Við bjuggum í Osló og þar byrjaði ég í viðskiptafræði sem ég kláraði í fjarnámi eftir að ég kom heim. Ég veit ekki alveg hvað olli því að viðskiptafræðin varð fyrir valinu, sennilega þótti það skynsamlegt nám, enda snertir það alla þætti mannlífsins. Það má alveg segja að allar húsmæður séu viðskiptafræðingar á smáum skala. Og eftir að hafa verið einstæð móðir með þrjú börn var maður náttúrulega orðinn sérfræðingur í útsjónarsemi. Og nú er ég búin að vera í fyrirtækjarekstri í fimmtán ár og finnst það skemmtilegt og krefjandi. Er reyndar á leið í nám í listfræði í haust og hálfnuð með nám í svæðanuddi, svo ég er kannski ekki þessi týpíski viðskiptafræðingur , ef hann er þá til.“

– Nú vinnur Áróra sem fjármálastjóri Vélasölunnar. Hvernig fyrirtæki er það?

„Það sinnir útgerðinni, selur vélar og útbúnað í skip og báta. Ég kom þar inn eftir að miklar sviptingar höfðu orðið, R. Sigmundsson hafði keypt Vélasöluna, en síðan farið á hausinn með glans, og ég kom upphaflega þar inn til að sinna uppbyggingu fyrirtækisins. Var svo í framhaldinu ráðin fjármálastjóri og hef verið þar í rúmt ár. Og það gengur bara ótrúlega vel. Við gerðum okkur litlar væntingar í upphafi árs, en öll plön hafa gengið eftir og rúmlega það. En þetta er allt voða þungt í vöfum ennþá en maður er samt farinn að sjá ljósið. Ég fékk það hlutverk að semja við erlenda birgja og fékk að finna fyrir því að við Íslendingar vorum ekki mjög hátt skrifuð, en þetta er ögrun og maður er búinn að fá þarna hraðnámskeið í öllu í tengslum við fyrirtækjarekstur. Og ég er rosalega þakklát fyrir að hafa fengið þetta tækifæri.

Auðvitað er það samt starfsfólkið sem er verðmætið í fyrirtækinu, hjá okkur eins og annars staðar. Það þurfti að fækka starfsfólki niður í 25 og þau sem eftir urðu hafa verið að vinna margra manna verk hvert, en nú eru þau gleðilegu tímamót að við erum aftur farin að ráða fólk og erum bara vongóð. En nú er auðvitað komið að stjórnvöldum að hætta að draga lappirnar og setja af stað róttækari aðgerðir til þess að koma í veg fyrir að heimilum og fyrirtækjum blæði út hægt og rólega. Maður er búinn að vera að hamast við að halda hausnum upp úr vatninu og það hefur tekist, en það væri voða gott að geta aðeins farið að slaka á og komast út úr því að vera bara að slökkva elda. En ég hef svo sem ekki mikla trú á því að stjórnmálamenn geri einhver kraftaverk. Mér finnst pólitík leiðinleg og get alveg viðurkennt að ég studdi Besta flokkinn í borgarstjórnarkosningunum núna. Fannst það eina fólkið sem gæti hugsanlega hugsað eitthvað út fyrir ramman. Maður upplifir að það sé búið að vera að reyna sömu hlutina aftur og aftur en einhvern veginn búast við annari útkomu. Þótt það sé löngu ljóst að það skilar ekki árangri.“

Fær heimþrá í skafrenningi

Foreldrar Áróru, Gústaf Óskarsson,kennari, og Kristbjörg Ósk Árný Markúsdóttir fluttu til Ísafjarðar frá Drangsnesi þegar hún var fimm ára og hún segist ekki muna eftir sér annars staðar en á Ísafirði í æsku.

„Já, pabbi hafði verið skólastjóri á Drangsnesi áður en hann fékk stöðu sem kennari á Ísafirði, en ég man ekkert eftir mér þaðan. Ísafjörður hefur alltaf verið heima. Við bjuggum fyrst í æðislegasta húsi á Ísafirði, niðri í Neðstakaupstað og umhverfið þar var algjör ævintýraheimur. Skipasmíðastöðin og allt járnaruslið í kringum hana buðu upp á endalaus ævintýri. Við erum sjö systkinin og þegar mest var voru tólf í heimili svo þetta var pínulítið eins og að búa á lestarstöð, en mikið fjör og mikið gaman. Svo keyptu pabbi og mamma hús í Þvergötunni og þar bjó ég alveg þangað til ég flutti að heiman. Svo var maður náttúrulega á Dalnum á skíðum alla daga á veturna og þetta var allt svo ótrúlega frjálst eitthvað. Svo finnst manni auðvitað eins og það hafi alltaf verið logn og gott veður, en samt fær maður helst heimþrá í skafrenningi og rafmagnsleysi. Þá langar mann alltaf vestur. Og svo allir þessir leikir; að klifra upp á húsþök og stökkva niður í skafla, róa á pollinum í siglingaleiðinni á einhverjum flekum, eða gúmmíbátum frá Símoni eða fara út í togarana sem voru strandaðir fyrir utan og sveifla sér í köðlunum.

Aðalþrillið var að leita að beinagrindinni af skipstjóranum í aftara skipinu, en hann átti að hafa dáið í brúnni og eldri krakkarnir mönuðu okkur litlu púkana til að fara að leita. Og maður lét sig hafa það þótt það glömruðu í manni tennurnar af hræðslu. Það var eiginlega sárt þegar togararnir voru sagaðir í sundur og teknir í burtu, uppáhaldsleiksvæðin okkar. Bæjarbryggjunni sé ég líka eftir, það var mikið kikk að stökkva fram af henni til að kæla sig á heitum dögum á sumrin. Þetta var bara endalaus gleði. Í minningunni allavega.“

Kannski eru það þessar minningar um frelsið úti í náttúrunni sem valda því að aðaláhugamál Áróru snúa að útivist, þótt hún hafi um árabil búið í miðborg Reykjavíkur.

„Já, við búum í miðbænum í gömlu yndislegu húsi og mér finnst oft að það sé bara svipað að búa þar eins og á Ísafirði. Ég labba í bakaríið og á kaffihúsin í miðbænum og fer ekki upp fyrir Hlemm nema ég fái borgað fyrir það, eins og ég segi oft í gríni. Ég hef aldrei átt bíl og keyri aldrei. Ég hjóla í vinnuna allan ársins hring og það eru mjög fáir dagar á árinu sem ekki er hægt að hjóla. Maður er bara á almennilegum, negldum dekkjum og kemst alla sinna ferða hjólandi. Ég hef ferðast um Ísland á reiðhjóli og á kajak og finnst það alveg rosalega skemmtilegt. Ég bý líka svo vel að geta farið vestur og róið með félögum úr kajak klúbbnum fyrir vestan með Halldór Sveinbjarnar í fararbroddi, Halldór er góður kennari og alltaf tilbúinn að miðla til annarra og hefur endalausa þolinmæði í að kenna mér. Okkur hjónin langar til að kaupa íbúð fyrir vestan og skipta árinu á milli Reykjavíkur og Ísafjarðar. Það væri alveg æðislegt að geta átt öll sumur fyrir vestan, róið og farið í göngutúra um Hornstrandir og virkilega notið náttúrunnar.“ Eiginmaður Áróru, Spessi ljósmyndari, er þekktur fyrir mótórhjólaáhuga sinn, en hún deilir ekki því áhugamáli með honum.

„Nei, ég hef ekki smitast af mótorhjóladellunni og finnst alveg hundleiðinlegt að sitja aftan

á mótorhjóli. Ég yrði að fá mér mótorhjól og keyra sjálf til að fá eitthvað út úr því og kannski geri ég það einhvern tíma, en enn sem komið er finnst mér reiðhjólið margfalt skemmtilegri ferðamáti.“

Eitt af því sem Áróra og Spessi gera flest sumur er að fara í gönguferðir með vinahópnum hans frá Ísafirði, gjarnan um Hornstrandir.

„Við reynum að gera eitthvað á hverju ári og þetta er alveg ofboðslega skemmtilegur hópur. Það náttúrulega einfaldar hlutina til muna að fá sér bara mann sem er úr sama umhverfi sem þarf ekkert að útskýra hlutina fyrir. Núna í júlí ætlum við að fara til Ása og Evu í Djúpavík og á Gjögur og keyra svo þangað sem vegurinn endar og labba svo og fara með bátum. Það er svo gaman að hittast svona og labba og fíflast. Það er fíflast alveg frá morgni til kvölds í þessum hóp. Þetta er fólk sem tekur sig ekkert rosalega hátíðlega. Það var mjög gaman að detta inn í þennan hóp, og þótt ég sé náttúrulega yngst á ég mjög mikla samleið með þessu fólki. Við erum öll með sömu tengingu vestur.“

Dreymir um að stjórna listasafni

Áróra er að hefja nám í listfræði við Háskóla Íslands í haust. Hvers vegna þessi umsnúningur?

„Ég held samt áfram að vera fjármálastjóri hjá Vélasölunni, en ætla að minnka starfshlutfallið og er búin að ráða mér aðstoðarkonu. Ég tók MBA námið í viðskiptafræðinni með fullri vinnu svo ég veit þetta er alveg hægt. Ég er bara ofsalega þakklát fyrir að finna þessa lausn og að geta haldið mínu starfi þótt ég fari í skóla að læra það sem mig langar til. Ég er búin að vera mjög lengi að finna út hvað ég ætlaði að verða þegar ég yrði stór, það er búið að þvælast mjög mikið fyrir mér og ég hef leitað í allar áttir. Svo lærir maður smám saman inn á sjálfan sig og niðurstaðan varð þessi. Mig langar til að stjórna listasafni þegar ég verð orðin stór. Svo dauðlangar mig að fara í eitthvert skiptinám og virkilega breiða út vængina.

Ég er náttúrulega með viðskiptafræðina sem grunn sem óhjákvæmilega snertir allt. Það er sama hvað þú ætlar að gera, þótt þú ætlir bara að skipta um eldhúsinnréttingu þarftu að gera fjárhagsáætlun, þannig að bisness kemur alltaf inn í. Þótt manni finnist tilhugsunin kannski frá-hrindandi og leiðinleg þá er það bara nauðsynlegt. Bara það að reka heimili krefst viðskiptavits, að þurfa að láta þetta allt ganga einhvern veginn og enda ná saman. Og eins og ég sagði, þegar maður hefur reynsluna af því að vera einn með þrjú börn er maður kominn með meistaragráðu í því að búa til peninga úr engu. Maður er búinn að eiga nokkur núðlusúputímabilin, þannig að maður hræðist það ekki neitt. Svo varð maður snillingur í því að gera allt sem var ókeypis, fara á bókasafnið og leigja dýralífsmyndir og ef maður fór í bíó var maður með heimapoppað popp með sér og þar fram eftir götunum. Og þetta er náttúrulega að hugsa út fyrir boxið, þess þarf.

Og svo ég endurtaki mig nú aftur þá eru þessi áþreifanlegu verðmæti ekki mikilvæg í lífinu. Það eru tengslin við fólk sem skipta öllu máli. Ef þú tekur í burtu eignir og peninga þá áttu þá alltaf eftir vináttuna. Kannski er það þetta sem kreppan á að kenna okkur, að forgangsraða og meta hlutina upp á nýtt. Og í svona samfélagi eins og Ísafirði lærir maður þetta best. Maður kemur vestur og allir þekkja mann og heilsa úti á götu og spjalla og hafa virkilega áhuga á því hvernig maður hefur það. Það er yndisleg og ómetanleg upplifun.“

ÍSAFJARÐARBÆR

DEILISKIPULAG, HLÍÐIN NEÐAN GLEIÐARHJALLA, YTRI HLUTI, ÍSAFIRÐI, ÍSAFJARÐARBÆ

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar samþykkti þann 1. júlí 2010 deiliskipulag í hlíðinni neðan Gleiðarhjalla, ytri hluti á Ísafirði, Ísafjarðarbæ. Deiliskipulagið tekur til tæplega 10 ha. svæðis ofan við Hjallaveg og Hlíðarveg að Urðarvegi. Gert er ráð fyrir stækkun og breytingu á núverandi varnargarði, sem er um 640 metra langur. Gert er ráð fyrir að dýpka skurðinn um u.þ.b. einn metra og nýta uppgröftinn til að hækka varnargarðinn.

Jafnframt er gert ráð fyrir að breikka rásina í fjóra metra. Deiliskipulagið gerir auk þess ráð fyrir að aðveitustöð fyrir rafmagn verði færð niður fyrir varnargarðinn á öruggt svæði. Gert er ráð fyrir göngustíg eftir garðinum og tengingu hans við stíga og götur bæjarins. Jafnframt er gert ráð fyrir reiðstíg ofan við varnargarðinn.

Tillagan var auglýst og lá frammi til kynningar á bæjarskrifstofum frá 21. apríl 2010 til 19. maí 2010. Ein athugasemd barst og hefur umsögn bæjarstjórnar um hana verið send þeim sem hana gerði. Athugasemdin gaf ekki tilefni til breytinga á tillögunni og hefur deiliskipulagið verið sent Skipulagsstofnun til yfirferðar.

Þeir sem óska nánari upplýsinga um tillöguna og niðurstöður bæjarstjórnar, geta snúið sér til tæknideildar Ísafjarðarbæjar.

Jóhann Birkir Helgason,
sviðstjóri umhverfissviðs.

Íbúðarhúsnæði óskast til leigu á Bíldudal eða Tálknafirði

Kirkjumálasjóður óskar eftir að taka á leigu íbúðarhúsnæði sem prestbústað á Bíldudal eða á Tálknafirði. Óskað er eftir að gera ótímabundinn leigusamning.

Æskilegt er að um einbýlishús sé að ræða, 160-220m² að stærð, helst með fjórum svefnherbergjum. Húsnæðið þarf að vera í góðu ásigkomulagi.

Nánari upplýsingar eru veittar á Biskupsstofu í síma 528 4000. Tilboð skulu berast á netfangið kirkjan@kirkjan.is fyrir 20. júlí nk., eða til Biskupsstofu, Laugavegi 31, 101 Reykjavík.

Ísfirski tónlistarmaðurinn Biggibix, eða Birgir Örn Sigurjónsson fagnar útgáfu fyrstu sólóplötu sinnar með tónleikaröð. Mynd: Baldur Pan.

Biggibix fagnar útgáfu

Ísfirski tónlistarmaðurinn Biggibix, eða Birgir Örn Sigurjónsson fagnar útgáfu fyrstu sólóplötu sinnar *Set Me On Fire* með útgáfutónleikum um Vestfirði ásamt hljómsveit sinni. Fyrsti viðkomustaðurinn var Hólmavík en þar lék hann ásamt hljómsveit sinni í gærkvöldi. Í kvöld heldur hann tónleika í Sjóræningjahúsinu á Patreksfirði og annað kvöld verður hann í Veitingahorninu á Þingeyri. Allir tónleikarnir hefjast kl. 21. Herlegheitunum lýkur síðan með tónleikum í Alþýðuhúsinu á Ísafirði kl. 17 á laugardag. Forsala aðgöngumiða á tónleikana á Ísafirði er hafin í Hamraborg. Miðinn kostar 1.000 krónur forsölu en 1.500 krónur við hurð.

Biggbix mun flytja lög af frumraun sinni sem kom út í mars en meðal laga af plötu hans má nefna smáskífuna Oh My, Oh My sem notið hefur mikilla vinsælda, Situation og lagið Silverlight en þessi lög eiga það sameiginlegt að hafa náð langt á vinsældarlista Rásar 2. *– kristjan@bb.is*

Stúlknakór skipaður félögum úr Stúlknakór Tónlistarskóla Ísafjarðar á kór Menntaskólans á Ísafirði á tónleikum í Ísafjarðarkirkju. Mynd: Benedikt Hermannsson.

Ungir ísfirskir kórfélagar á leið til Noregs

Félagar úr Stúlknakór Tónlistarskóla Ísafjarðar og tveir fyrrum félagar kórsins, sem nú eru komnir í kór Menntaskólans á Ísafirði, fara í kórbúðir í Noregi í lok mánaðarins. „Ég sit fyrir hönd Íslands í stjórn kórasambandsins Nord på sang og fulltrúi Noregs í stjórninni kom því á að við fengum styrk til að fara í búðirnar," segir Bjarney Ingibjörg Gunnlaugsdóttir kórstjóri aðspurð tilurð ferðarinnar. Búðirnar eru á vegum norsku þjóðkirkjunnar og eru staðsettar í Berkåk.

„Við verðum í heila viku, fljúgum út 25. júlí og komum aftur heim 1. ágúst. Búðirnar eru byggðar þannig upp að fléttað er saman útivist og söng. Þarna getum við t.d. farið á kajak, í fjallgöngur og á ströndina. Þarna eru líka hestar og kanínur og ýmislegt svo ég á von á að þetta verði voða skemmtilegt," segir Bjarney Ingibjörg.

– thelma@bb.is

Steingrímur Einarsson og Jón Páll Hreinsson í nýju versluninni.

Verslun fyrir fluguveiðimenn

Fossadalur ehf á Ísafirði hefur opnað nýja verslun fyrir fluguveiðimenn á Ísafirði. Fossadalsmenn segja búðina hafa vandaðar vörur fyrir fluguveiðimenn ásamt góðu úrvali af flugum fyrir lax, bleikju og silung. „Það hefur alltaf verið draumur okkar að opna sérhæfða búð fyrir fluguveiðimenn með vönduðum og góðum vörum sem okkur langar sjálfum í," segja þeir Jón Páll Hreinsson og Steingrímur Einarsson hjá Fossadal ehf.

„Við erum ekki með mesta úrvalið á landinu, en hér er samt hægt að fá allt það helsta sem alla fluguveiðimenn vantar, eins og vöðlur, jakka, vesti, ásamt góðu úrvali af flugulínum og taumefni svo eitthvað sé nefnt. Svo leggjum við áherslu á að hafa gott úrval af flugum, bæði fyrir laxveiðimenn og líka fyrir bleikjuna og silunginn hér í kring, "segja þeir Jón Páll og Steingrímur.

Verslunin er til húsa að Sindragötu 11 (á jarðhæð, fyrir neðan TH innréttingar). „Við erum báðir veiðisjúklingar og finnst ekkert skemmtilegra en að spjalla við menn um veiði. Hér er alltaf heitt á könnunni og allir velkomnir að kíkja við og fá ráðleggingar um fluguveiði. Svo má náttúrlega ekki gleyma hjólunum sem við erum að framleiða en þau hafa vakið mikla athygli, bæði hér heima og erlendis," segja þeir Jón Páll og Steingrímur.

300 til 400 bílar á „tossalista"

„Við erum með svokallaðan tossalista yfir fólk sem mætir ekki með bíla sína í skoðun. Þá erum við með ákveðin vinnubrögð sem felast aðallega í því að klippa af bílum sem ekki eru tryggðir og af bílum sem komnir eru eitt ár fram yfir skoðunartíma. Aðrir fá aðvörun," segir Önundur Jónsson yfirlögregluþjónn Ísafirði aðspurður um hvort að mikið sé um óskoðaða bíla á svæðinu en hann segist reikna með að um 300-400 bílar í umdæminu séu á þessum lista.

„Þetta er eitt af eilífðarverkefnunum. Á þessum lista er t.d. vélsleðar, dráttavélar og jeppar sem jafnvel er búið að grafa í jörðu. T.d. segir eigandi bifreiðar að hún sé ónýt og fer með hana inn á ruslahauga og hendir honum með númerplötunum og öllu saman en athugar það ekki að það þarf að taka bílinn af skrá að auki. Við erum líka í því að hreinsa svoleiðis mál," segir Önundur og bætir við að það sé öllu jafna svipaður fjöldi sem um er að ræða því það haldist í hendur sá fjöldi sem strikaður er af listanum og sá sem kemur inn á hann.

Gústaf Gústafsson.

Gústaf nýr forstöðumaður Markaðsstofu

Gústaf Gústafsson hefur verið ráðinn forstöðumaður Markaðsstofu Vestfjarða frá og með 1. ágúst en Gústaf mun sinna verkefnum á sviði markaðssetningar á Vestfjörðum í samvinnu við hagsmunatengda aðila. Gústaf hefur margþætta reynslu af markaðsmálum og var markaðs- og fjáröflunarstjóri Krabbameinsfélags Íslands frá ársbyrjun 2006 til 1. júlí á þessu ári. Gústaf byggði upp og var ábyrgur fyrir verkefnum á borð við Mottumars og Bleiku slaufunni.

Gústaf er að upplagi kerfisfræðingur en hefur sérhæft sig í markaðsmálum undanfarinn áratug og lauk meðal annars námi í samhæfðum markaðssamskiptum hjá HR í vor. Gústaf er fimm barna faðir og giftur Sigrúnu Bragadóttur viðskiptafræðingi.

„Stjórn Markaðsstofu Vestfjarða býður Gústaf hjartanlega velkominn til starfa," segir í tilkynningu.

ÍSAFJARÐARBÆR

DEILISKIPULAG FYRIR MJÓLKÁRVIRKJUN, BORGARFIRÐI, ARNARFIRÐI, ÍSAFJARÐARBÆ

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar samþykkti þann 15. apríl 2010 deiliskipulag fyrir Mjólkárvirkjun, Borgarfirði, Arnarfirði, Ísafjarðarbæ. Skipulagssvæðið er rúmir 19 km² að stærð. Stærstur hluti þess liggur á Glámuhálendinu en svæðið liggur að sjó í Borgarfirði í Arnarfirði. Allt svæðið er á sem nýtur hverfisverndar skv. aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020. Gert er ráð fyrir að auka framleiðslugetu Mjólkárvirkjunar með því að auka nýtingu og afl núverandi véla og byggja tvær nýjar virkjanir. Þá er gert ráð fyrir að auka vatnsöflun um 20 l/s. Einnig er gert ráð fyrir möguleikum á að stækka núverandi húsakost á láglendi.

Tillagan var auglýst og lá frammi til kynningar á bæjarskrifstofum frá 21. apríl 2010 til 19. maí 2010. Athugasemdafrestur rann út 2. júní 2010. Engin athugasemd barst. Deiliskipulagið hefur verið sent Skipulagsstofnun til yfirferðar.

Þeir sem óska nánari upplýsinga um tillöguna og niðurstöður bæjarstjórnar geta snúið sér til tæknideildar Ísafjarðarbæjar.

Jóhann Birkir Helgason, sviðstjóri umhverfissviðs.

Frá Óshlíðarhlaupinu.

Hlaupahátíð í Ísafjarðarbæ

Hlaupahátíð verður haldin í annað sinn í Ísafjarðarbæ og nágrenni í sumar. Halda á Óshlíðarhlaupið og Vesturgötuna sömu helgina, þ.e. þriðju helgina í júlí. Hátíðin hefst föstudaginn 16. júlí með Óshlíðarhlaupinu. Á laugardeginum verður skemmtiskokk og hjólreiðakeppni auk annarrar skemmtidagskrá á Þingeyri.

Sunnudaginn 18. júlí verður svo Vesturgatan hlaupin. Hlaupadrottningin Martha Ernstsdóttir átti hugmyndina að hátíðinni í fyrra og sannfærði aðstandendur hlaupanna tveggja um að slá til. Litið er á þetta sem tilraunaverkefni til 2-3 ára, en síðan verður framhaldið ákveðið út frá reynslunni.

Óshlíðarhlaupið fer fram í 17. sinn í sumar en það hefur verið haldið samfellt frá árinu 1993. Hlaupið hefur fyrir löngu skapað sér fastan sess hjá hlaupurum á Vestfjörðum en það nýtur einnig vinsælda hjá fólki víðs vegar um land. Það er ekki að ástæðulausu en Óshlíðin er ein fallegasta og jafnframt hrikalegasta almenningshlaupaleið sem boðið er upp á hér á landi.

Vesturgötuhlaupið verður haldið fjórða árið í röð í sumar. Þar er hlaupin hin stórbrotna leið fyrir Svalvoga milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar, sem er ekki síður hrikaleg en Óshlíðin. Áður en Elís Kjaran gerði veginn sem hlaup-ið er eftir var engin vegtenging milli Lokinhamradals og þjóðvega landsins. Hlaupið er þó nefnt Vesturgatan en það nafn kom fyrst fram hjá Ólafi Erni hótelstjóra á Ísafirði seint á síðustu öld í tengslum við kynningu á leiðinni sem göngu- og hjólaleið. Heimamenn í Dýrafirði hafa einnig nefnt veginn Kjaransbraut, Elísi Kjaran heitnum til heiðurs.

Í Óshlíðarhlaupinu er hlaupið hálft maraþon frá Bolungarvík til Ísafjarðar en einnig er boðið upp á 10 km hlaup og 4 km skemmtiskokk. Í Vesturgötunni er full vegalengd 24 km en einnig er boðið upp á hálfa leiðina, 12 kílómetrar.

– thelma@bb.is

Slæmir í ensku?

Stakkur skrifar

Nú eru margir að velta vöngum yfir því hverjir verða bæjar- og sveitarstjórar á Vestfjörðum. Ísafjarðarbær er auðvitað eftirsóknarverðastur og svo Vesturbyggð og Strandabyggð. Í Bolungarvík er málið leyst. Elías Jónatansson var endurráðinn. En það vekur mikla athygli hve margir sækja um störf bæjarstjóra víða á landinu og hve margir sækja um á mörgum stöðum. „Árið 2007 er liðið" sagði maðurinn þegar hann leit yfir hvern listann á fætur öðrum sem sýndu umsækjendur um störf bæjar- og sveitarstjóra víðs vegar um Ísland. Alls sóttu 29 um Ísafjörð, 22 um Vesturbyggð og 40 um Strandabyggð. Fjöldinn þar vekur athygli nema ef vera skyldi fyrir það að þar eru íbúar aðeins 508 og einhverjir kunna að hafa litið svo á að þar væri þægilegast að vera.

Gerðar eru miklar kröfur til hæfileika þeirra sem sækja og sérstaklega til þess er hlýtur hnossið. Ekkert hefur þó verið rætt um góða kunnáttu í enska tungumálinu. Enda væri það sjálfsagt talsvert í líkingu við góðærið eða 2007 legt eins og oft er haft á orði eftir hrun. Vonandi verður það hæfileikafólk sem kemur til með að skipa stöðurnar í sveitarfélögunum. Óneitanlega hafa yfirlýsingar þeirra manna, sem fyrir hrun töldu sig vera einhverja mestu viðskiptajöfra sem Ísland hefur alið, um vankunnáttu í meðferð hinnar ensku tungu vakið athygli. Þótt þeir hafi farið um heiminn í einkaþotum og átt viðskipti og annars konar samskipti við erlenda viðskiptajöfra og seljendur alls kyns þjónustu, sem of langt yrði að telja upp hér og kannski ekki smekklegt allt, treysta þeir sér ekki til að að mæta fyrir dómi í Bandaríkjunum. Bera þeir því við hver á fætur öðrum að enskukunátta þeirra sé ekki nægilega góð til að bera þar vitni um mál sín. Til viðbótar telja þeir sig ekki skilja enska tungu nægilega vel.

Skýrist nú margt fyrir okkur sauðsvörtum almúganum. Aumingja mennirnir skildu ekki hvað þeir voru að gera þótt þeir rötuðu upp í einkaþoturnar, enda væntanlega studdir þar af íslenskum flugfreyjum sem verða starfs síns vegna að hafa vald á ensku tungumáli. Kannski hefði verið betra að hafa flugfreyjurnar með til aðstoðar við samtölin og margt hefði þá farið betur skyldi margur ætla. Það kunni auðvitað ekki góðri lukku að stýra að þessir heiðursmenn voru ófærir að brúka enska tungu vegna skilningsleysis og það þótt þeir væru með próf úr bandarískum háskólum. En verra hefur auðvitað verið ef sá grunur reynist réttur, að þeir hafi búið yfir álíka gagnlegri reikningskunnáttu.

Kunnáttuleysi er ekki refsivert. En það gæti verið refsivert ef þannig æxlast að menn gefa sig út fyrir að hafa meiri kunnáttu en þeir búa yfir. Ekki vildum við þannig lækna eða hvað? Nei við viljum gott og kunnáttusamt, heiðarlegt fólk í öll störf.

Stakkur hefur ritað vikulega pistla í ***Bæjarins besta*** í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og málefnum hafa oft verið umdeildar og vakið umræður. Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum ***Stakks*** á meðan hann notar dulnefni sitt.

smáar

Til leigu er falleg og björt 2ja herb. íbúð, ca. 80m², á eyrinni á Ísafirði frá september nk. til maí 2011. Stórar svalir. Leigist með eða án húsgagna. Uppl. í síma 867 6657.

Um sjómannadagshelgina týndust tveir Ipod-nano á Ísafirði eða nágrenni. Annar er af nýjustu gerð og er appelsínugulur en hinn er af eldri gerðinni og er rauður. Finnandi vinsamlegast hafi samband við Ernu í síma 847 2297.

Óska eftir að kaupa þrjú rúm. Uppl. í síma 849 5023.

Til sölu er Wii tölva með tveimur fjarstýringum, stýri og átta leikjum á kr. 70 þús. Tölvan er rétt rúmlega ársgömul. Uppl. í síma 867 7778.

Til sölu er fjórhjól. Upplýsingar í síma 895 9241.

Það er ódýrara að vera áskrifandi! Síminn er 456 4560

Fæst mál í Héraðsdómi Vestfjarða

Nýjum einkamálum og ákærumálum hefur fækkað verulega hjá héraðsdómum landsins á fyrstu sex mánuðum ársins samanborið við sama tímabil í fyrra. Fæst eru málin í Héraðsdómi Vestfjarða, voru 133 á fyrstu sex mánuðum síðasta árs en 98 í ár.

Mestu munar þar um þingfest einkamál en þeim fækkaði úr 112 í fyrra í 79 í ár. Frá byrjun árs fram í júní í fyrra voru ákærumál alls 15 en í 11 í ár. Þau voru hins vegar 60 á sama tímabili árið 2008. Ákærumálum frá lögreglustjórum hefur einnig fækkað mjög undanfarin tvö ár en þau voru 6 í ár, 11 í fyrra en 53 á sama tímabili fyrir tveimur árum. Þess ber þó að geta að ekki hafa fleiri mál verið tekin fyrir undanfarin fimm ár en á árinu 2008.



Fæst mál voru tekin fyrir í Héraðsdómi Vestfjarða á fyrstu sex mánuðum ársins en þar fækkaði málum um 33 frá því í fyrra.

Alls voru málin hérlendis 15.994 talsins á fyrstu sex mánuðum síðasta árs en eru 9.827 í ár. Eru málin 6.167 færri í ár. Munar þar mestu um þingfest einkamál en þeim hefur fækkað um 5.850 á milli ára. Ákærumálum hefur fækkað úr 1.335 í 1.083 á milli ára. Flest málin koma fyrir Héraðsdóm Reykjavíkur, 5.756 á fyrstu sex mánuðum þessa árs, en voru 9.809 talsins á sama tímabili í fyrra.

Þetta kemur fram í fréttatilkynningu frá dómstólaráði.

– thelma@bb.is

Heiðar og Selvadore ráðnir í Bolungarvík

Bæjarráð Bolungarvíkur hefur samþykkt að ráða að Heiðar Hermannsson í stöðu yfirhafnarvarðar við Bolungarvíkurhöfn og Selvadore Rähni sem skólastjóra Tónlistarskóla Bolungarvíkur frá og með 1. ágúst. Fjórir sóttu um stöðu skólastjóra Tónlistarskóla Bolungarvíkur, þau Ásta Björg Björgvinsdóttir, Hallvarður Ásgeirsson, Selvatore Rähni og Sólrún Geirsdóttir.

Sex sóttu um starf yfirhafnarvarðar en auk Heiðars voru það Bjarni H. Ingólfsson, Jakob Magnússon, Jakob H.S. Ragnarsson, Jóhann Bragason og Magnús Már Jakobsson.

Samþykkja byggingarleyfi í Hornvík

Umhverfisnefnd Ísafjarðarbæjar hefur veitt Umhverfisstofnun byggingarleyfi fyrir þjónustuhúsi í Höfn í Hornvík samkvæmt teikningum frá Tækniþjónustu Vestfjarða ehf. Umhverfisnefnd hafði áður hafnað byggingarleyfinu þar sem byggingin hafði verið reist áður en ósk um byggingarleyfi barst.

Forsaga málsins er sú að Umhverfisstofnun fékk heimild landeigendafélagsins Hafnarbáss síðasta sumar til að setja upp færanlegt þjónustuhús að Höfn í Hornvík til þriggja ára. Að þeim tíma liðnum ætluðu samningsaðilar að fara yfir stöðuna og annað hvort semja um áframhaldandi staðsetningu í ljósi reynslunnar eða taka húsið niður. Fyrir misskilning milli Umhverfisstofnunar og tæknideildar Ísafjarðarbæjar var ráðist í framkvæmdir við húsið um leið og samningurinn lá fyrir.

Húsið var því tekið niður en það var smíðað í einingum á Ísafirði og flutt sjóleiðis í Hornvík. Það voru tæpir sjö metrar á lengd, þrír metrar á breidd og hæð um 3,1 metri. Markmiðið er að í húsinu verði lítil þjónustumiðstöð, þ.e. upplýsingaveita, og aðstaða fyrir landvörð. *– thelma@bb.is*

Dalsorka byggir jarðvegsstíflu

Umhverfisnefnd Ísafjarðarbæjar hefur veitt framkvæmdaleyfi fyrir byggingu jarðvegsstíflu með yfirfalli úr læk í Rjúpnahvilft í Súgandafirði og lagningu á u.þ.b. 600 m löngu plaströri, 110 mm í þvermál. Leyfið er veitt Dalsorku ehf. með fyrirvara um samþykki Umhverfisstofnunar þar sem svæðið er á náttúruminjaskrá. Nefndin gerir þá kröfu að ekki verði tekið meira en 10 l/sek. úr læknum.

Allar framkvæmdir og frágangur skulu vera í samráði við byggingarfulltrúa og umhverfisfulltrúa Ísafjarðarbæjar og Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða. Þess má geta að við umfjöllun umhverfisnefndar á erindinu lá fyrir liggur að Orkubú Vestfjarða leggst ekki gegn því að gefa eftir þennan hluta af vatnsréttindum en að þau verði takmörkuð við 10 l/sek.

Strandsiglingar hagkvæmur flutningsmáti

Hafnarstjórn Ísafjarðarbæjar hvetur samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, hagsmunaaðila og hafnir landsins til að leggja því lið að strandsiglingar verði hafnar að nýju á Íslandi. Þetta kom fram á fyrsta fundi nýskipaðrar hafnarstjórnar þar sem fjallað var um skýrslu sem unnin var af starfshópi skipuðum af samgönguráðherra til að kanna hagkvæmni strandflutninga. Kom þar m.a. fram að strandsiglingar eru álitlegur kostur; nægjanlegt flutningsmagn virðist vera til staðar, talsverður áhugi sé fyrir hendi meðal flutningskaupenda og hægt sé að bjóða flutningsgjöld sem eru samkeppnishæf við landflutninga.

Hafnarstjórn lét bóka að hún fagni útkominni skýrslu. „Það er skoðun hafnarstjórnar að strandsiglingar með ákveðna vöruflokka sé ótvírætt hagkvæmur flutningsmáti og án vafa til þess fallinn að auka tekjur hafna landsins,“ segir í fundarbókun.



Súgfirðingar í sjöunda himni yfir Sæluhelginni

„Hátíðin fór mjög vel fram og dagskráin rúllaði eins og smurð vél af gömlum vana,“ segir Sturla Páll Sturluson einn af skipuleggjendum Sæluhelgarinnar á Suðureyri sem haldin var í 23. sinn um helgina. „Það var mjög góð mæting og veðurguðirnir voru okkur góðir, enda eigum við tvo góða fulltrúa úr mansavinanefndinni sem komnir eru yfir móðuna miklu og sjá til þess að það sé alltaf gott veður á Sæluhelgi,“ bætir Sturla við. Hann segist ekki vita betur en að allir hafi verið í sjöunda himni yfir því hvernig til tókst og allir þættir hafi staðist. „Fyrir utan að mansinn er að stríða okkur en aðeins örfá stykki komu á land en veiðin var í hundraðatali þegar mest var hér á árum áður. Við vitum ekki hver orsökin er en mansinn hefur farið minnkandi undanfarin ár,“ segir Sturla um Mansakeppnina sem er ómissandi liður í Sæluhelginni.

Auk fastra liða var bryddað upp á nýjungum og ráku margir upp stór augu þegar þeir sáu kossakeppni og makadrátt á dagskránni. „Margar heldri húsmæður hristu hausinn yfir þessu en í raun var um að ræða keppni í áti á negrakossum, eins og þeir voru kallaðir í gamla daga, og makadrátturinn fólst í því að makinn sat undir stýri á svokölluðum kreppu-Cruiser og makinn dró bílinn áfram ákveðna vegalengd. Það hafði enginn skráð sig í þá keppni en eftir að útfært var út á hvað þetta gekk var fín þátttaka. Þetta var nýjung en í hitteðfyrra vorum við með fjárdrátt fyrir framan sparisjóðinn þar sem maður í rollubúning var dreginn áfram á sleða og í fyrra vorum við með yfirdrátt,“ útskýrir Sturla.

Sturla segir mætinguna hafa verið svipaða og undanfarin ár. „Það er alltaf ákveðinn kjarni brottfluttra Súgfirðinga og náttúrulega þeirra sem eru á staðnum sem sækja hátíðina en síðan er alltaf einhver reytingur á fólki annars staðar frá sem er að kíkja á hátíðina, sumir í fyrsta skipti.“ Meðfylgjandi myndir voru teknar á Sæluhelginni.

– thelma@bb.is

Afgöngum breytt í góða rétti

Sælkeri vikunnar umbreytir afgöngum í ljúffenga rétti í tveimur uppskriftum sem hann deilir með lesendum BB. Fyrri uppskriftin er byggð á afgöngum af lambasteik og sú seinni kjúklingasúpa sem hressir og bætir. Einnig lætur Guðbjörg fylgja með uppskrift af heimagerðri Teriyaki sósu. Hún bendir á að sósan er góð í alla kryddlegi og til að nýta afganga.

Annar í steik

Afgangar af lambasteik
Laukur
Karrý
Olía
Soðnar núðlur eða soðin hrís
grjón
Afgangur af sósunni eða önnur sósa
Ananas og safi

Skerið kjötið í bita og saxið lauk og steikið þetta saman í olíunni ásamt karrýinu. Gott að hafa brauð með.

Kjúklingasúpa

Afgangur af kjúklingur
Grænmeti
Kjúklingakraftur
Sjóðið kjúkling ásamt lauk og gulrót. Sigtið soðið. Hreinsið kjúklinginn vel af beinunum og látið í soðið ásamt gulrótum lauk og kjúklingakrafti. Má bæta við púrru- eða vorlauki, hvítlauki og/eða papriku. Bætið við þriggja mínútu núðlur og krydd af eigin vali.

Teriyakisósa

5 msk soja sósa
4 msk hunang
1/4tsk pipar
Má nota á fisk kjúkling, lamb og naut.

Sælkerinn

Sælkeri vikunnar er Guðbjörg K. Ólafsdóttir á Ísafirði.

Ég skora á Guðmund Sigurðsson og Önnu Margréti Sigurðardóttur á Ísafirði að koma með uppskrift í næsta blaði.

Verðlaunahafar á mótinu. Mynd: Benedikt Hermannsson.

Anton og Bjarney sigruðu á meistaramóti GÍ

Meistaramóti Golfklúbbs Ísafjarðar lauk á sunnudag á Tungudalsvelli. Að loknum 36 hölum hafði Kristinn Þórir Kristjánsson tveggja högga forskot á Anton Helga Guðjónsson í fyrsta flokki karla. En Anton Helgi átti frábæran dag og með hring upp á 72 högg tryggði hann sér fimm högga sigur og lauk 54 holum á 231 höggi. Anton fékk að launum frítt árgjald í GÍ 2011 ásamt styttu til minningar um afrekið. Í 2. sæti var Kristinn Þórir Kristjánsson á 236 höggum og í 3. sæti var Magnús Gautur Gíslason á 238 höggum. Einar Gunnlaugsson hreppti svo 4. sætið í sveit GÍ sem keppir í sveitakeppni GSÍ í Ágúst en fjórir efstu kylfingar á meistaramótinu vinna sér inn fast sæti í sveitinni. Hjá konunum var það Bjarney Guðmundsdóttir sem lauk 36 holunum á besta skori eða 197 höggum og hlaut að launum frítt árgjald í GÍ 2011 ásamt styttu til minningar um afrekið. Önnur var Kristín Karlsdóttir á 200 höggum og þriðja varð Guðrún Ásbjörg Stefánsdóttir á 217 höggum.

Í ár mættu aðeins tveir keppendur til leiks í öldungaflokki og var Jens Andrés Guðmundsson í 1. sæti á 183 höggum og fékk auk styttu, glæsilega ostakörfu frá MS á Ísafirði. Annar var Þorbjörn Jóhann Sveinsson á 234 höggum. Í öðrum flokki karla hélt Óli Rafn Kristinsson öruggri forystu frá fyrsta degi og lauk 54 hölunum á 252 höggum og fékk styttu og glæsilega ostakörfu frá MS á Ísafirði. Annar á 265 höggum var Jakob Ólafur Tryggvason, þriðji varð Tryggvi Sigtryggsson á 267 höggum en Tryggvi Guðmundsson var í 4. sæti á 268 höggum. Maron Pétursson hélt forystu í þriðja flokki frá fyrsta degi og lék holurnar 54 á 293 höggum. Að launum fékk Maron styttu og glæsilega ostakörfu frá MS á Ísafirði. Í 2. sæti var Salmar Már Salmarsson á 320 höggum og þriðji var Salmar Jóhannsson á 327 höggum.

ÍSAFJARÐARBÆR

AUGLÝSING UM DEILISKIPULAG, DAGVERÐARDALUR, ÍSAFJARÐARBÆ

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar auglýsir hér með tillögu að deiliskipulagi í Dagverðardal, Ísafjarðarbæ skv. 25 gr. Skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

Deiliskipulagstillagan er tæpir 24 ha. að stærð, liggur í vestur af Hnífum í mynni Dagverðardals. Svæðið er í 15-100 m.h.y.s. og hallar til suðvesturs. Gott útsýni er yfir Eyrina og Djúpið. Svæðið er ætlað fyrir íbúðabyggð, sumarhúsabyggð og léttan iðnað. Gert er ráð fyrir nýrri íbúðarbyggð með 72 lóðum og fjölgun sumarhúsalóða um 22. Einnig er gert ráð fyrir 10 nýjum lóðum undir léttan iðnað í nágrenni við lóð Vegagerðarinnar.

Deiliskipulagstillagan verður til sýnis á bæjarskrifstofum í Stjórnsýsluhúsinu, Hafnarstræti 1, Ísafirði og á heimasíðu Ísafjarðarbæjar, www.isafjordur.is, frá og með 19. júlí 2010 til og með 16. ágúst 2010. Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við deiliskipulagstillöguna. Frestur til að skila inn athugasemdum rennur út 30. ágúst 2010.

Skila skal inn athugasemdum á bæjarskrifstofur Ísafjarðarbæjar, Stjórnsýsluhúsinu, Hafnarstræti1, Ísafirði. Þeir sem ekki gera athugasemdir við skipulagstillöguna fyrir tilskilinn frest teljast henni samþykkir.

Ísafirði, 12. júlí 2010,
Jóhann Birkir Helgason, sviðstjóri framkvæmda-og rekstrarsviðs.

Aðeins 25 kr. dagurinn

Farðu á Netið í símanum og fylgstu með fréttum, sendu tölvupóst, uppfærðu Fésbókina eða spjallaðu við vini þína á MSN. Netið í símanum fylgir þér um landið þvert og endilangt.
Dagurinn kostar aðeins 25 kr. / 5 MB

Kynntu þér 3G áskriftarleiðirnar á siminn.is

Það er **Síminn**

800 7000 • siminn.is